

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK





Fáðu þér síma sem skilur þig

### Snjallsími sem skilur íslensku

Samsung Galaxy S4 hefur þann skemmtilega eiginleika að skilja okkar ástkæra ylhýra. Þannig má stjórna ýmsum aðgerðum og einnig er hægt að skrifa tölvupósta og SMS með því að tala við símann á íslensku. Fáðu þér síma sem skilur þig.

Kynntu þér málið á [GalaxyS4.is](http://GalaxyS4.is)



Samsung  
**GALAXY S4**



Unnur Birna á sér nöfnu sem margir kannast við sem fegurstu konu í heimi árið 2005.

## UNNUR BIRNA

**Fyrstu sex:** 110187  
**Í morgunmat fékk ég mér:**  
 Ristað brauð og chai latte  
**Lag sem er einkennandi fyrir líf mitt þessa dagana:** „Mode for Joe“ eftir Cedar Walton  
**Ef ég væri risaeðla væri ég:**  
 Afkvæmi flugeðlu og gaddygli. Ég er alltaf einhverstaðar í skjýjunum og með sterka brynju

# Holdið utan um beina-grindina



Mynd/Ómar

## Unnur Birna Björnsdóttir spilar á sex hljóðfæri í leiksýningunni Jeppi á Fjalli. Monitor tók Unni tali sem státar af því að vera eina „Fjallasystirin“.

Á föstudaginn kemur frumsýnir Borgarleikhúsið hið tæplega 300 ára gamla verk Jeppi á Fjalli í leikstjórn Benedikts Erlingssonar og í samræmi við leikhús fyrri alda verða ekki margar konur á sviðinu. Önnur þeirra, Unnur Birna Björnsdóttir, bendir Monitor þó á að fjölmargar konur starfi að sýningunni á bakvið tjöldin þrátt fyrir að aðeins tvær séu sýnilegar. „Stemningin er frábær“, segir Unnur. „Við erum öll ein stór fjölskylda, eins og oft verður þegar fólk vinnur náið saman. Gríni og alvöru er blandað listilega saman, svo úr verður alveg einstaklega skemmtileg vinna“, segir hún glaðbeitt. Unnur er gríðarlega fjölhæf tónlistarkona með klassískan bakgrunn og gegnir ýmsum hlutverkum í sýningunni. „Ég spila á fiðlu, blokkflautu, orgel, píanó, klukkuspil og bassa, syng og leik fógetafrúna. Þess á milli sit ég eða stend á sviðinu og er sæt“, bætir Unnur glettnislega við.

Unnur segir að tónlistin í sýningunni sé eins

og holdið utan um beinagrindina. Tónlistin er samin af sjálfum meistara Megasi og Braga Valdimar en Unnur segir tónlistarmennina hafa tekið nokkurn þátt í útsetningu laganna. „Við fáum í raun bara leirinn og mótum hann. Við þurfum að útsetja hvert lag fyrir þau hljóðfæri sem við höfum, söngvarana og umhverfið svo þau þjóni verkinu sem best.“

### Engar testosterónsprengjur

Jeppi á Fjalli er langt því frá frumraun Unnar á sviði en henni telst til að hún hafi komið fram í alls átta atvinnusýningum. „Svo var ég á fullu í menntaskólasýningunum og stúdentalleikhúsinu. Það má aldrei vanmeta menntaskólasýningarnar. Ég væri ekki þar sem ég er í dag hefði ég ekki fengið fyrstu reynsluna á menntaskólaárunum“, segir Unnur. „Nú er ég að gera allt þetta sama nema ég fæ borgað fyrir það.“ Unnur segist hafa sagt skilið við stress og að héðan í frá muni hún eingöngu

kenna jákvæðs tilhökkunarfiðring fyrir hverja sýningu eða gigg. Unnur er líka ýmsu vön því auk þess að starfa í leikhúsi er hún eina konan í Fjallabæðrum.

„Ég þarft oft að tékka hvort ég sé ekki örugglega stelpa, því mér finnst ég oft vera farin að haga mér ískyggilega mikið eins og karlmaður“, segir Unnur en starfið með strákahópnum. „Fjallabæður eru algjör yndi, og alls engar testosterónsprengjur. Með árunum hefur „...og Unnur!“ bæst við „Hey strákar!“ upphrópunina hjá Fjallabæðrum“, segir Unnur og bætir því við að hún sé orðin vön því að vera ein af strákunum. „Kannski er það tónlistarbransinn, maður umgengst svo mikið af strákum, en nú er komið sérstakt kvenfélag innan bransans, KÍTön svo vonandi fer þetta bara að breytast í „Hey krakkar!“, segir Unnur áður en hún laumar því að að það góða við að vera eina stelpa sé þó að hún fái iðulega sérherbergi á tónleikjaferðalögum.

## BLAÐIÐ Í TÖLUM

- 700** íslenskar konur greinast árlega með krabbamein.
- 3** deit Stílsins gætu orðið þín ef þú fylgist með Monitor á Facebook.
- 22** bein hefur Bam Margera brotið í líkamanum.
- 7** ráð fyrir vongóða rithöfundu má finna á síðu 8.

**MONITOR@MONITOR.IS** Ritstjórn: Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is) Framleiðslustjóri: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)  
**Blaðamenn:** Hersir Aron Ólafsson (hersir@monitor.is), Rósa María Árnadóttir (rosamaria@monitor.is), **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbli.is) **Forsíða:** Ómar (omar@mbli.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Í fæðingarorlofi:** Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is), Lísa Hafíðadóttir (lisa@monitor.is)  
**Útgefandi:** Árvakur  
**Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

## ÞA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

# Örvhenta hættan er víða

Um daginn fór ég á stúdentaráðstefnu í Litháen. Það væri eflaust ekki í frásögu færandi hér ef ekki hefði verið fyrir litla æfingu sem þátttakendur voru látnir gera.

Okkur var skipt í nokkra hópa og allir örvhentir voru settir í sérhóp. Svo áttu hóparnir að skrifa niður eins marga hluti og þeir gátu sem eru hannaðir fyrir réttihenta og valda örvhentum erfðleikum. Það kemur ef til vill ekki á óvart að örvhenta hópnum dattu margfalt fleiri hlutir í hug en hinum hópnum til samans.

Sundum er nefnilega erfitt að sjá hvernig samfélagið bregst minnihlutahópum þegar maður er ekki sjálfur hluti af þessum minnihlutahóp. Það er fáránlega stutt síðan að litíð var svo á að örvhentir væru fatlaðir eða jafnvel haldnir illum öndum og þeir voru þindir til að nota hægri hendina á hátt sem var þeim gjörsamlega ónáttúrulegur.

Fólk með fatlanir eða geðsjúkdóma, innflytjendur og LGBT fólk glímur enn við þessa meinloku samfélagsins, að „öðruvísi“ sé rangt. Það sem örvhentir gengu í gegnum hér áður ganga þessir hópar enn í gegnum á hverjum degi.

Eitt af því sem hægt er að gera til að sporna við þessum samfélagslega ótta við „öðruvísi“ er að fjölmiðlar birti þessa hópa sem það sem þeir eru í raun; afar hversdagslegur og eðlilegur hluti af samfélaginu. Monitor gerir sitt besta til að leggja sín lóð á vogarskálarnar í hverri viku. Vonandi tekur þú sem minnst eftir því, því þá erum við að gera það vel.

Ástarkveður, Anna Marsý



# MONITOR

## MÆLIR MEÐ...

### FYRIR AUGU OG EYRU

Á föstudaginn verður kvikmyndin Days of Gray frumsýnd á kvikmyndahátíðinni RIFF.

Myndin var að öllu leyti tekin upp hér á landi en hún er þögl fyrir utan tónlist hljóm-sveitarinnar Hjaltalín. Á frumsýningunni mun Hjaltalín flytja tónlistina meðfram sýningu kvikmyndarinnar líkt og gert var við þöglar kvikmyndir hér á árum áður svo úr verður einstakur listviðburður sem enginn tónlistar-eða kvikmyndaáhugamaður má missa af.



### FYRIR HARTAÐ

Forritarinn Jón Eðvald Vignisson kynnti í gær Google Chrome viðbótina DVítamín sem er svo sannarlega þarfapung á hvert heimili. Eftir að forritinu er hlaðið niður breytist ásýnd athugasemda á DV.is, og í stað svívörðinga og sóðaskaps birtist



handahófskenndur fróðleikur af Wikipedia. Ekkert meira fordómafullt eða illa upplýst raus. Aldrei aftur „Er þetta frétt?“. Monitor mælir hiklaust með þessari viðbót fyrir þá sem vilja hlífa viðkvæmum augum og fræðast á sama tíma um áhugaverð málefni.



## VIKAN Á FACEBOOK



**Leiðinlegi gaurinn**  
 Að gefnu tilefni: Mér er drullusama þótt þú ætlir að taka þátt í meistaramánuðinum, þú ert ekkert betri en ég.  
 1. október kl. 12:05



**Kristín Hlökkversdóttir**  
 Dagurinn byrjar vel. Skellti mér í sturtu og ákvað að fara frekar

léttklædd fram þar sem ég er nú ein heima. Skildi ekki alveg þennan svakalega hávaða sem ég heyrði fyrir utan. Í sömu andrá labba ég framhjá stofunni líf ég til hægri og mér til skelfingar er maður á krana á leiðinni upp á þak. Við horfumst í augu í augnablik og ég skynja ó svo mikið nekt mína. Ég hleyp í panicki inn í herbergi. Núna veit ég ekki hvað ég á að gera því ég þori ekki fram. Vona samt að ég hafi gert honum glaðan dag.  
 26. september kl. 14:29



**Jakob Steinn Stefánsson**  
 Lífið getur stundum verið ósanngjarn. Þegar Miley

Cyrus er nakin og sleikir hamar er það „list“ og „music“ .....en ef ég geri það þá er ég „fullur“ og er „beðin“ að yfirgefa Húsasmíðjuna...  
 28. september kl. 12:25

www.facebook.com/monitorbladid



# Það gleymir enginn Bóthildi

Ef „blingið“ hugnast síður er einnig hægt að styrkja Krabbameinsfélagið með kaupum á slaufu sem ber hið mæta nafn Bóthildur. Monitor spjallaði við Heiðdís Ingu Hilmarsdóttur, annan af sköpurum slaufunnar um tildrög hennar.

**Ef við byrjum á byrjuninni, hvað er Hind og hverjir standa á bakvið Bóthildi?**

Hind er merki sem ég byrjaði með í vetur þegar ég hannaði herðatré í Mottumars. Á bakvið slaufuna stöndum við reyndar tvær, en ég fékk Svandís Gunnarsdóttur með mér í lið.

**Getur þú sagt okkur aðeins frá ferlinu við að hanna og framleiða slaufuna?**

Ég kom með hugmyndina að slaufunni en við Svandís útfærðum hana í sameiningu, ætli hún eigi ekki aðeins meira í útliti slaufunnar þó. Framleiðslan tekur sinn tíma og þetta er mikil handavinna. Svandís hefur yfirumsjón með saumavélinni, straujárninu



og líminu. Ég treysti varla sjálfri mér með skærin en er öll að koma til.

**Fyrir hverja er slaufan ykkar?**

Bóthildur er klárlega fyrir fólk af öllum stærðum og gerðum. Fyrir þá sem vilja styrkja gott málefni og líka fyrir þá sem vilja bara vera töff.

**Hvað kostar slaufan og hvar getur maður fjárfest í einni slíkri?**

Verðið er 3.000 kr. og allir ágóði rennur til Krabbameinsfélagsins. Bóthildur verður til sölu í Hrímmönnunahúsi, Kormáki og Skildi og á vefverslun Krabbameinsfélagsins, krabb.is frá og með 5. október.

**Hvaðan kemur nafnið Bóthildur?**

Að finna nafnið á slaufuna hefur verið mesti hausverkurinn í ferlinu hingað til. Við enduðum svo á því að skoða sterk, íslensk kvenmannsnöfn og duttum inn á Bóthildi. Merking nafnsins heillaði okkur upp úr skónum en hún er sú sem baráttuna bætur. Svo gleymir enginn Bóthildi.



STÖLLURNAR SITJA SVEITAR VIÐ SAUMINN ÞESSA DAGANA

# Skærbleikur október

**Októbermánuður** verður síður en svo grámyglulegur en hann er helgaður bleiku slaufunni og baráttunni gegn krabbameini í konum.



**Bomber jakki:**  
**15.995,-**  
Ný sending

**Sparkz**   
Kringlan | s.512 1730

Fylgstu með okkur á Instagram og taktu þátt í skemmtilegum leik

## VERTU MEÐVITUÐ

**Nokkur einkenni sem konur ættu ekki að láta fram hjá sér fara**

- Breytingar á brjóstum (hnútur, sár, útfærð, bólgur, roði og/eða þykkun húðar).
- Óreglulegar blæðingar og blæðingar eftir tíðahvörf.
- Blæðing frá endaparmi eða blóð í hægðum.
- Útfærð frá leggöngum.
- Þaninn kviður og uppþemba.
- Óútskýrt þyngdartap eða þyngdaraukning.
- Viðvarandi hósti.
- Eitlastækkarir.
- Óútskýrð þreyta sem minnkar ekki við hvíld.
- Breytingar á húð og slímhúð (til dæmis sár í munni sem gróa ekki, sár á kynfærum eða breytingar á fæðingarblettum).

Einkennin hér að ofan geta vakið grun um krabbamein en geta einnig verið til marks um aðra sjúkdóma. Nauðsynlegt er að bregðast við einkennum því líkur á lækningu eru meiri því fyrr sem krabbamein greinast.



HUGLEIKUR SVÍFUR UM Á BLEIKU SKÝI



ÞAÐ VÆRI EKKI ÓNÝTT AÐ KOMAST YFIR ÞENNA

## BLEIKT UPPBOÐ

Á hverju ári greinast um 700 íslenskar konur með krabbamein. Til stuðnings baráttunni gegn krabbameini í konum hafa ýmis stórhýsi verið lýst í bleikum lit í byrjun október og þar að auki er barmmerkið bleika slaufan seld til stuðnings krabbameinsféluginu.

Í ár verður átakið með nýstárlegum hætti því meðfram sölu á slaufunni verður haldið bleikt uppboð á bleikaslaufan.is. Þar verður hægt að bjóða í ýmsa skemmtilega hluti og viðburði svo sem áritaðan Martin-gítar Nönnu í Of Monsters and Men sem hefur tekið þátt í einu stærsta og hraðasta „meiki“ Íslandssögunnar. Þá mun bleik mynd eftir Hugleik Dagsson vera boðin upp sem og árituð bleik landsliðstreyja markvarðarins Hannesar Þórs, en hann mun keppa í henni gegn Kýpur þann 11. október.





# Skalli

*Sá svalasti í boenum*

**Borgari, franskar,  
gos og kokteilsósa**

**1.790 kr.**



## Akureyringur

Nautakjöt, ostur,  
tómatar, agúrkur,  
jöklasalat, franskar  
og hamborgarasósa

## Indverji

Indverskt buff í grófu  
naanbrauði, grilluð  
paprika, rauðlaukur,  
jöklasalat, raita og  
mangó chutney



## Texasborgari

Nautakjöt,  
laukhringir, nachos,  
jöklasalat, salsa  
og jalapenosósa





**BÆTINGARÁÐ BERGS**



## Temjum okkur traustar matarvenjur

Sæll Bergur  
Nú virðast allir vera tala um Carbo Backloading. Getur þú útskýrt fyrir mér hvernig það virkar?

**Svar:**  
Carbo Backloading er "nýjasta æðið" þegar það kemur að matarprógrömmum. Prógrammið virkar þannig að yfir daginn má ekki borða nein kolvetni heldur á að hlaða þeim upp um kvöldið eftir æfingu. Hugsunin gengur út á að stjórna cortisol framleiðslu (stress-hormón) og nýta insulín svörunina sem verður til eftir æfingar. Ég er sjaldan hrifinn af svona sérprógrömmum. Oftast hafa þau eitthvað sannleikskorn, eins og t.d. að insulín svörun sé mest eftir æfingar, en draga síðan oft mjög langsóttar ályktanir út frá því. Málið með svona sérprógrömm er að þau koma út frá sértilfellum. Tilfellum sem hugsanlega virka fyrir einhvern í mjög sérstökum aðstæðum en eru svo útpynnt og kynnt fyrir almenningi og endar á að koma í bakið á þeim. Í einhverjum tilfellum geta svona sérstök matarprógrömm virkað en við hljótum að vilja temja okkur matarvenjur sem við treystum okkur að halda til lengri tíma og stefna að langtíma árangri. Bergur er fyrrverandi frjálssþróttakappi og starfar sem ÍAK-einkaþjálfari hjá Ree-bok Fitness. Kynntu þér málið nánar á facebook.com/baeting.



**ISL-ENSKUR TEXTI**



## Lorde - Royals

And we'll never be royals (royals)  
It don't run in our blood  
That kind of lux just ain't for us, we  
crave a different kind of buzz  
Let me be your ruler (ruler)  
You can call me queen bee  
And baby I'll rule, I'll rule, I'll rule, I'll  
rule  
Let me live that fantasy

Og við munum aldrei vera royals (royals)

Það er ekki að keyra í blóði okkar  
Þannig Lux bara er ekki fyrir okkur,  
löngun við annars konar suð  
Leyfðu mér að vera höfðingja þín  
(höfðingja)  
Þú getur hringt í mig drottning bí  
Og barnið ég ráða, ég útiloka, ég  
útiloka, ég útiloka  
Leyfðu mér að lifa að ímyndunarafl

Takk, Google Translate!

**EINTÓM ÞVÆLA**



Kúmbæja  
mæ lord,  
kúmbæjaaa!

KR-ingar kyrjuðu Kumbaya af innlifun á Hátíð vonar um helgina. Þegar þeir komust að því að það væri illa séð af aðstandendum hátíðarinnar að þeir klöppuðu hvor öðrum hvetjandi á rassinn hljóðnaði söngurinn þó fljótt.

## Að kúka svo aðrir heyri

**Ó**þægileg augnablik. Þessi nótt sem þú roðnar, ferð hjá þér eða splæsir jafnvel í svita. Ég er að tala um augnablikið þegar þér líður svo illa að þig langar helst að vera með skóflu í vasanum til þess að grafa þig ofan í jörðina og hverfa af yfirborði jarðar fyrir fullt og allt.

**M**ín óþægilegustu móment eru á almenningssalernum. Það er samt ekki feimna blaðran, það getur komið fyrir hjá bestu mönnum en nei nei, alveg rólegur. Þetta er miklu verra. Það er þegar þú kemur inn á salernið í vinnunni, á bókasafni eða inni í einhverju stóru fyrirtæki eða stofnun. Ég er að tala um að þú kemur inn í spariskapinu, brosandir út að eyrum og ert að raula uppáhalds lagið þitt. Þú ert bara að fara að pissa en þarft ekki að staldra lengi við til þess að fatta að þú ert ekki einn. Þú heyrir það um leið og þú gengur inn að það er einhver að kúka bakvið læstar dyr. Og auðvitað nær veggurinn ekki alveg upp í loft. Þess vegna heyrir þú hverja einustu stunu, hreyfingu eða ræskingu sem kann að koma frá gasklefanum sem stendur einmannalega úti í horni. Það óþægilegasta byrjar svo þegar kúkamaðurinn hættir skyndilega að hreyfa sig. Þetta gerist undantekningalaust! Það er alltaf eins og um leið og ég kem inn sé sett þagnarbindindi. Það heyrir ekki múkk. Eins og ég viti ekki að hann sé þarna? Á meðan ég er að undra mig á þögn mannsins átta ég mig á því að ég er sjálfur þöglari en lík til tíu ára. Ég fór alveg í keng við að maðurinn héldi inni í sér andanum og kunnir ekki annað bragð en að gera það sama. Saman höldum við lélagasta party ársins inni á klósettinu þar sem við erum báðir að furða okkur á háttalagi hvors annars á meðan við óskum okkur að vera staddir allsstaðar annarsstaðar í heiminum.

**E**n það sem er enn furðulegare er að það skiptir engu máli hvort ég sé kúkamaðurinn eða hressi gæjinn sem ætlaði bara að pissa. Þegar einhvern kemur flautandi inn og gengur á lyktina eins og vegg þá þarf ég ekki nema nokkrar sekúndur til að herpa hringvöðvann og setja þagnarbindindi í gang.

**É**g var einu sinni að kúka í vinnunni og ég er að vinna í banka. Mér fannst það rosaalega óviðeigandi. Ég held að fólk kúki ekki mikið í bönkum nefnilega. Ég var að klára þegar ég heyri að það er labbað inn. Ég veit alveg upp á mig sökina og tek þar af leiðandi smá þögn en hef samt hugrekki til að klára mitt í einum grænum og geng rólega út eins og ekkert sé. Þá var þetta einn svaka töffari sem er yfirmaður á sinni deild sem stóð þarna og var að þvo sér um hendur. Á meðan hann er að teygja sig í sápunu spyr hann mig grjótharður: „Var verið að fæða?“ Ég var rosaalega óviðbúinn þessu en náði að tauta eitthvað á meðan ég leit niður og fór að skoða skóna mína: „Uuu jájá þetta var alveg erfið fæðing sko“. Maðurinn leit ekki einu sinni á mig, þetta var það eðlilegasta í heimi fyrir honum, þvílíkur töffari.

**V**ið kúkum öll og það er eðlilegasti hlutur í heimi. Við þurfum líka öll að nota almenningsalerni einhvern tímann á lífsleiðinni þó svo að ég viti að margir reyni að forðast það, sérstaklega þegar þeir þurfa að gera númer tvö. En hér eftir ætla ég alltaf að vera grjótharður og brjóta múrinn um leið og ég kem inn. „Er verið að fæða?“ er nýja línan mín núna og ég ætla að nota hvert tækifæri sem býst. Ég held að það sé betra, en ef ég hef ekki kjarkinn þá fer ég bara aftur í það að draga lappirnar til mín og óska þess að ég hafi skóflu í vasanum en byrja þess í stað að grafa mig út með nöglunum.

## Egill Fannar Halldórsson



**ELTU ÞENNAN**

Lady Gaga er ein af þeim dívum sem gerir tilkall til titilsins drottning poppsins. Stöðuuppfærslur hennar eru bæði fyndnar, upplýsandi og jafnvel stórfurðulegar.



LADY GAGA  
facebook.com/ladygaga



# 10

## kossar sem drepa stemninguna

- 1 OF MIKIL TUNGA.** Þegar sleikfélaganum svelgist á af því að hann er með fullan munn af tungu er tímabært að skoða sinn gang.
- 2 HOR KOSS.** Í miðjum heitum kossi finnur þú eitthvað klístrað og kalt læðast á milli varanna á þér. Vonandi getið þið samt verið vinir.
- 3 ANDFYLUKOSS.** Þú veist vel að þinn innri Eros laðar að sér ástjúka einstaklinga úr öllum áttum. Vertu klár í að henda upp í þig mintu skyldi einhver skyndilega ákveða að planta einum á þig.
- 4 VAMPÍRAN.** Frá ástleitnu narti yfir í manískt kjams. Reyndu að sýna ástríðu án þess að sýna tennurnar um of svo enginn þurfi tefil yfir bitförin sín.
- 5 TANNAKOSS.** Tannakossar koma fyrir á bestu bæjum en ef þetta er viðvarandi vandamál er best að þú farir að kíkja á kennslumyndbönd.
- 6 ÆLUKOSS.** Fékkstu þér aðeins of mikið og seldir upp á djammínu. Þá er mikilvægt að þú fái þér að borða fyrir svefninn og drekkir mikið vatn en hvað sem þú gerir, EKKI FARA Í SLEIK!
- 7 FÍDRILDA KOSSAR.** Ekki blaka augnhárnum saman og kalla það koss. Þetta ferli er vandræðalegt og asnalegt.
- 8 SPEEDY GONZALES.** Setur þú tunguna í fimmta gir og lætur hana skjóttast ótt og títt um munn sleikfélagans? Það er líklega ástæðan fyrir því að þú ert enn á lausu. Líka lyktin af þér samt.
- 9 MATARLEYFA KOSS.** Sumir virðast alltaf geyma nesti í tönnunum. Ef þú hendist í djúsi ástaratlot með grunlausum aðila sem var rétt í þessu að kyngja fullri skeið af Kornflexi áttu matarleyfamar hinsvegar skilið.
- 10 DON JUAN KOSS.** Kossinn sjálfur er ekkert endilega slæmur en allir leikrænu lostafullu tilburðir eru svo hjákátlegir að sleikfélaginn fær kjánahroll.

**VÍSINDAVEFURINN**

## Af hverju er Andrés Önd svona reiður?

Reiði snýst um að hinum reiða finnst (með réttu eða röngu) gert á sinn hlut eða annarra. Reiðin á sér þannig viðfang af einhverju tagi og hún er því alls ekki blind. Auk þessa viðfangs einkennist reiði, eins og aðrar geðshræringar, af lífeðlislegri örvun sem birtist til dæmis í hröðum hjartslætti. Þetta virðist einmitt vera vandamálið hjá hinum uppstökka Andrési Önd. Hann þykir yfirleitt sérstaklega seinheppinn og oftar en ekki er verið að reyna að klekkja á honum. Flestir myndu sennilega vera sammála því að Andrés fyllost jafnan réttlátri reiði.





## Síminn, Spotify og þú



 Diamonds

Rihanna

3:45

Dagný Brynjarsdóttir | Knattspyrnukona

 <b>SNJALLPAKKI</b> <b>300</b> 3.490 kr./mán. 300 mín.   300 SMS   300 MB	 <b>SNJALLPAKKI</b> <b>500</b> 4.990 kr./mán. 500 mín.   500 SMS   500 MB
 <b>SNJALLPAKKI</b> <b>1000</b> 7.990 kr./mán. 1000 mín.   1000 SMS   1000 MB 3G aukakort í 12 mán.	 <b>SNJALLPAKKI</b> <b>1500</b> 10.990 kr./mán. 1500 mín.   1500 SMS   1500 MB 3G aukakort í 12 mán.

### Hlustaðu á tónlistina þína í símanum hvar og hvenær sem er.

Þú finnur upphaldslögin þín á Spotify, einni stærstu tónlistarveitu í heimi.

### Veldu Snjallpakka sem hentar þér!

Snjallpakki er frábær áskriftarleið þar sem þú færð gagnamagn, SMS og innifaldar mínútur sem gilda í farsíma og heimasíma, óháð kerfi.

Spotify Premium áskrift í 6 mánuði, að andvirði 1.590 kr./mán., fylgir öllum Snjallpökkum gegn 6 mánaða samningi.



# Fálmar eftir kossu í myrkrinu

**Halldór Armand Ásgeirsson** segir að það að skrifa bók minni helst á samkvæmisleik í unglingspartýi. **Monitor** spjallaði við Halldór um líf rithöfundarins og fyrstu bók hans, *Vince Vaughn í skýjunum*.



## 7 RÁÐ FYRIR VONGÓÐA PENNA

Ef ég myndi hitta 18 ára sjálfan mig á Stjörnutorgi Kringlunnar í dag myndi ég líklega segja eitthvað í líkingu við þetta í engri sérstakri röð:

1. Það er óþarfi að láta fullkominaráráttu lama sig. Setningar verða aldrei jafnfallugar á blaði og þær eru í höfði manns.
2. Ein setning í einu. Einn dagur í einu.
3. Ímyndunarafl trompar alltaf greind. Það er öllum sama um hversu klár þú ert.
4. Guð býr í smáatriðunum – treystu áhugasviði þínu og innsæi.
5. Fólk – karakterar – eru ekki hárfurrkur. Það fylgir ekki leiðbeiningabæklingur.
6. Góð list er eins og íslenskt djamm; frjáls og óreiðukennd en lýtur samt ósýnilegum lögmálum.
7. Hvorki veita né þiggja óumbeðna og fyrirskipandi ráðgjöf eins og þessa hér.



**F**rá og með 8. október getur Halldór Armand Ásgeirsson formlega kallað sig rithöfund en þá kemur út hans fyrsta bók, *Vince Vaughn í skjýunum*. Monitor nýtti tækifærið og skyggndist inn í huga Halldórs sem var þar að auki svo vænn að deila með Monitor nokkrum góðum ráðum fyrir upprennandi rithöfunda.

**Þú ert nýtskrifaður úr lögræði en í stað þess að ganga í jakkafataklúbbinn fluttir þú til London og skrifaðir þína fyrstu skáldsögu. Hvað gerðist?**

Ég lærði ekki lögræði með það fyrir augum að byggja skipulega upp feril á því sviði eftir útskrift. Ég vildi fá kraftmikla menntun og meginástæðan fyrir því að ég valdi lagadeild en ekki eitthvað annað var að ég leit - og lít ennþá - alveg svaka-lega upp til vína minna sem voru í deildinni þegar ég var að klára MH á sínum tíma. Þegar ég útskrifaðist frá HÍ upplifði ég hins vegar einhvers konar smávægilega tilvistarkrísu sem í grófum dráttum kristallaðist í töluverðum áhyggjum af því að ég væri í raun gangandi 37 gráðu heit akademísk rökhjuggjuvél. Ég hafði alltaf skrifað, bæði sem krakki og meðfram námi, og ólst upp á heimili þar sem var mikið þælt í tungumáli og stílfræði og svo framvegis og ákvað að rétta leiðin til að dila við þessa litlu krísu væri að reyna að kynna sjálfum mér upp á nýtt í gegnum ímyndunaraflíð. Þetta hljómar alveg hræðilega hallærislega en upplifunin var engu að síður einhvern veginn svona.

**Fara lögræði og bókmenntir vel saman?**

Lögræði og bókmenntir eru dálítið eins og að kaupa sér pylsu og kókómjólk á bensinstöð – þetta er fánánlega „solid“ blanda sem er að sama skapi ekki augljós. Ég leit alltaf á lögræði sem góðan grunn fyrir skapandi skrif enda upplifði ég námið eins og að fá í hendur röntgenmynd af samfélaginu sem smám saman varð skýrari eftir því sem ég lærði meira. Réttarkerfið sjálf er svo þegar allt kemur til alls ekkert annað en batterí sem hefur það hlutverk að meðhöndla frásagnir fólks, skrasetja þær og setja í viðeigandi samhengi. Haestirettur.is er í raun stærsti bókmenntavefur landsins. Svo dýrka ég skjalamál og hef alltaf séð töfrandi fagurfræði í kulda þess, formfestu og afstöðuleysi. Hugleiddu til dæmis þessa setningu: „Varnaraðili segir í vitnaskýrslu að álitsgerðarbeiðandi hafi verið að innbyrða Engjaþykki þegar vélsleðanum var ekið inn um gluggann.“

**Hvernig skrifar maður bók?**

Manstu eftir leiknum í fyrstu unglingspartíunum sem var einhvern veginn þannig að allir partígestir áttu að skrifa um á gólfinu og svo voru ljósin slökkt og allt dæmið snerist í raun um að finna einhvern af hinu kyninu til að kyssa í myrkrinu? Svo voru ljósin kveikt að nýju og leikurinn endurtók sig. Við gerðum þetta allavega í Hlíðaskóla á sínum tíma. Mín reynsla af því að skrifa bók var ekki ósvipuð þessum leik. Maður skrifað áfram í myrkrinu, einsamall, þreifir örvæntingarfullt fyrir sér framhjá allskonar hindrunum og biður til Guðs um að einhvern veginn geti maður fundið stelpuna sem enginn veit að maður er skotinn í og átt með henni eitt ógleymanlegt augnablik áður en ljósin eru kveikt að nýju.

**Bókin þín ber hinn áhugaverða titil *Vince Vaughn í skjýunum*. Hvað býr að baki þessum titli?**

Við kynnumst tveimur aðalpersónum í bókinni. Annars vegar er það Sara, menntaskólustelpa sem er að vinna sumarlangt í sundlaug í Reykjavík og hins vegar Þórir, örvæntingarfullur ungur maður sem vinnur við að kynna lottótölur í sjónvarpinu. Þau lenda bæði óumbeðin í því að verða þungamiðjan í óvenjulegum atburðum sem leiða til þess að við þeim báðum blasir annar veruleiki. Eins og segir í káputextanum: Hann verður alræmdur á Íslandi, hún alþjóðleg stjarna. Bókin fjallar um það hvernig þau fást við þetta nýja hlutskipti sem heimurinn hefur þröngvað upp á þau. Ég vil ekki gefa það upp hér og nú hvernig Vince Vaughn tengist þessu öllu saman en ég held að allir þeir sem lesa bókina verði sammála mér um að þetta var eini titillinn sem kom til greina.

**Netvæðingin og samskiptamiðlar leika lykilhlutverk í bókinni þinni, heldur þú að þú hafir annað sjónarhorn á nútímann en eldri höfundar?**

Ég held að það sé augljóst mál að ólíkar kynslóðir hafa ólíka sýn á veruleikann. Eldri kynslóðir skynja nútímann af meiri dýpt vegna þess að þær geta sett hann í samhengi við eitthvað annað, borið hann saman við liðna tíð. Á hinn bóginn skynja yngri kynslóðir nútímann mögulega af meiri einlægni. Hvað net- og tölvuvæðingu

varðar þá tilheyrir ég fyrstu kynslóðinni sem þekkir ekkert annað en að vera að minnsta kosti með annan fót tilveru sinnar inni í alþjóðlegum internet-veruleika. Af þeim sökum ætti ég erfitt með að forðast að fjalla um þann veruleika í skáldskap og áhrif hans á sálarlíf fólks. Ég hef ekki hugmynd um hvort það geri að verkum að sjónarhorn mitt á nútímann sé ólíkt sjónarhorni eldri höfunda. Ungir listamenn ætla sér oft að gefa eldri kynslóðum einn á snúðinn með verkum sínum og vafalaust stuðlar slíkt hugarfarar að framþróun og er gott og blessað. En ég þæli ekkert í kynslóðaátökum og hef ekki áhuga á að stilla mér upp í samhengi við þau.

**„Það er samt til að byrja með eins og að fara í störukeppni við sjálfan sig. Algjört mind-fuck.“**

**Nú eiga bækur einmitt í beinni samkeppni við internet og sjónvarp og oft virðist sem svo að bækur séu að tapa þegar kemur að slagnum um athygli ungs fólks. Eiga bækur einhvern séns í þessa kynslóð?**

Ég elska nútímann og internetið út af lífinu en stundum finnst mér eins og það sé hannað til að vera svo ómótstæðilega skemmtilegt og snjallt að það feli í raun í sér fallinn þrældóm. Það er svo gaman í fangelsinu að maður tekur ekki einu sinni eftir rimlunum. Ég held að sömu lögmál gildi um andlega vellíðan og líkamlega, okkur líður best þegar við höfum þurft að hafa fyrir einhverju. Ég get ekki talað þetta aðra en mín reynsla er sú að bækur geta gjörsamlega tryllt mig upp úr skónum og dýpkað veruleikann á kröftugri hátt en aðrir miðlar vegna þess að þær krefjast einbeitingar, þolinmæði og staðfestu. Verðlaun bókalesturs felast í því að vinnan fer fram í höfði manns en ekki fyrir augum manns – maður þarf að sjá hluti fyrir sér en ekki bara sjá þá. Að því sögðu viðurkenni ég jafnframt fúslega að ég dýrka sjónvarp sömuleiðis og hefur þótt frábært að fylgjast með gullöld sjónvarps; *The Wire*, *Breaking Bad*, *Mad Men*, *Orange Is the New Black* og svo frv. eru til dæmis allt stórmerkilegar þáttaraðir. Það er engin ástæða til þess að skipa sér í einhverjar fylkingar heldur er heilbrigðast að vera opin fyrir nýjungum og njóta góðrar listar sama á hvaða formi hún er. Allt þetta rugl með að ungt fólk nenni ekki að lesa bækur er bara þvaður fyrir mér. Ég þekki ógrynni af ungu fólki og veit ekki um neinn sem myndi nokkurn tímann hætta að lesa bók sem hann fílaði í drasl.

**Þú hefðir líklega getað komið þér þægilega fyrir á lögræðistofu en kýst frekar óvissuna sem fylgir ritstörfum, hvað er það við að skrifa bækur sem heillar? Af hverju ert þú að þessu?**

Ég þekki mikið af mjög kláru og duglegu ungu fólki sem vinnur á lögmánsstofum og ég myndi síst nota lýsingarorðið þægilegt yfir líf þess. Mér finnst þeirra störf krefjast mun meira hugrekksis en það sem ég er að gera. En ég held að allir hafi gott af því að skrifa, hvort sem það er skáldskapur eða eitthvað annað. Í gegnum skrif kynnist maður sjálfum sér og það er eitthvað hreinsandi við að horfast í augu við eigin hugsanir á blaði. Það er samt til að byrja með eins og að fara í störukeppni við sjálfan sig. Algjört mind-fuck. Ég hef ekkert viturlegt svar við því hvers vegna maður færast við þessa dægrastyttingu en ég get alveg ímyndað mér að það tæki dálítið fúttíð og töfrana úr henni ef maður vissi svarið við því.

**Ert þú stressaður fyrir að bókin komi út?**

Ég er það óneitanlega. Ég hélt upphaflega að þessi hluti af ferlinu myndi vera sá skemmtilegi en í sannleika sagt er ég búinn að vera með fjörfisk í auganu núna í svona sex vikur. Án gríns. Ég held að kvíðinn beinist samt ekki að viðtökum sem bókin fær. Eða ég vona að minnsta kosti ekki. Það er stundum erfitt en áttá sig á því að hverju tilfinningar manns beinast nákvæmlega og því þeim mun erfðara að koma þeim í orð. Ég held samt að svarið sé

að þetta hefur allt saman gerst mjög skyndilega. Ég sendi inn handrit til Forlagsins núna í byrjun ágúst og fékk símtal tveimur vikum síðar um að bókin yrði gefin út. Það er mjög skrytið að fara frá því að sitja einsamall myrkranna á milli fyrir framan ferðatölvu í London og upplifa svo gamlan draum frá barnæsku rætast og gefa út bók með öllum þeim hamagangi sem því fylgir. En maður þarf bara að fókusera á rétta hluti, reyna að vera jákvæður, bjartsýnn og æðrulaus.

**Hvað gera ungrithöfundar á við þig sjálfan sér til skemmtunar þegar þeir eru ekki uppteknir við ritstörf?**

Þegar ég er ekki að vinna eða að skrifa reyni ég að spila tennis. Ég byrjaði að spila fyrir svona 4-5 árum og er ekkert æðislegur en ég er metnaðarfullur og hef reynt að tileinka mér myndrænar uppgjafir sem ég lærði á Youtube. Annars er það þannig þegar maður klárar háskóla að maður upplifir í fyrsta skipti að það er ekki lengur eitthvert kerfi til staðar sem umlykur líf manns og segir manni hvað maður á að gera og hugsa um. Eftir 20 ár samfleytt í menntakerfinu uppgötvar maður að maður þekkir ekkert annað en slíka kerfishugsun og hefur í raun og veru ekki minnstu hugmynd um hvernig maður á að lifa í raunveruleikanum. Þetta er hin margfræga lífsfjórðungskrísa býst ég við. Ég fékk hugljómum undir lok sumars þegar ég var staddur í sumararbústað ömmu minnar og afa sem stendur við eyri. Rétt fyrir utan fjöruna er klakkur sem skagar upp úr sjónum og þar hefur arnarpar buíð í nokkur ár og alið þar upp unga sína. Amma mín og afa eru með sjónauka í stofunni þar sem hægt er að fylgjast með þessum göfugu skepnum úr fjarlægð. Og ég varð algjörlega gagnstekinn af þeim. Það voru yfirgengileg sólarlög þarna nokkur kvöld í röð sem voru eins og beint upp af konfektökssum frá Nóa Sírius og á meðan ég fylgdist með örnunum slaka á í logandi kvöldbirtunni rann upp fyrir mér að þessi dýr eru mjög ólíklega að velta fyrir sér hvernig maður eigi að lifa lífinu. Þetta hljómar kannski dáldið banalt en þau bara lifa því áreynslulaust. Einhvern veginn grunaði mig að ef þessir ernir gætu talað þá hefðu þeir líklega ekkert sérstakt að segja um líf sitt. Þessi þæling er kannski ekkert voðalega áhrifamikil eða merkileg á blaði en mér fannst ég geta lært mikið af þessum örnunum og held stundum að maður flæki hlutina að óþörfu í staðinn fyrir bara að njóta þess af amarlegri yfirvegun að vera til.

**Átt þú þér uppáhaldshöfund eða fyrirmynd þegar kemur að skáldskap?**

Ekki beinlínis. Ég get samt sagt þér það að ég fæ að mestu leyti ekki listrænan innblástur frá rithöfundum heldur íþróttamönnum. Lionel Messi er ein af mínum stærstu fyrirmyndum þó hann sé einu ári yngri en ég - ég fyllist trúarlegri ákefð og lotningu þegar ég fylgist með honum og þegar ég velti fyrir mér hvert tiltekna setningar eiga að stefna ímynda ég mér hann að rekja boltann í átt að markinu. Missi ekki af leik. Roger Federer er sömuleiðis íþróttamaður sem er svo óskiljanlega fær í því sem hann gerir að hann er falletgur og hrífandi inni á tennisvelliðum á sama hátt og listamaður. Jim Carrey hafði ofboðslega mótdandi áhrif á mig sem barn og er mér ennþá áminning um að gleyma því aldrei að hafa gaman. Ég hef líka alltaf idoliserað Michael Jackson og reynt að nýta hann sem hvatningu til að nálgast mannlegt hlutskipti af æðruleysi. Ég get líka nefnt foreldra mína og vini í Mið-Íslandshöppnum, Atla Bollason, Kára Hólmur Ragnarsson og fleiri – þetta er fólk sem ég hef alltaf litið ógurlega mikið upp til og drukkíð í mig áhrif frá þeim eins og ryksuga í áranna rás.

**Hvað nú?**

Ég býst við að ég haldi áfram að naga á mér neglurnar og lesa Wikipedia-greinar um fjörfisk í auga þangað til bókin kemur út. Ég er að vísu á leiðinni núna til Madrídará á Spáni í viku. Ég bjó þar í eitt ár 2009-2010 og eignaðist marga góða vini sem ég ætla að heimsækja og rífa upp góða takta með, borða hráskinku og segja

„Joder!“ ítrekað og reyna kannski að komast á leik með Atletico Madríd. Ég hélt aldrei útskriftarveislu þegar ég útskrifaðist úr háskólanum og geri ráð fyrir að halda þeim nú með voglegra útgáfupartí þar sem öllum og ömmu hans er boðið.

## HALLDÓR

**Fyrstu sex:** 200886

**Síðasta bók sem ég las**

**var:** *The Tartar Steppe* eftir gaur sem heitir Dino Buzzati. Hafði aldrei heyrt um hana þegar Kári vinur minn gaf mér hana í afmælisgjöf um daginn.

**Ég sef í:** Skautahlaupsbúningi. Kemur í veg fyrir að ég flækist í sængurftönum þegar ég svitna í hita næturinnar.

**Lag sem lýsir lífi mínu**

**þessa stundina:** Ég held að það sé „Home“ með Sheryl Crow. Ég hef lengi hrífist af henni. Ef ég myndi stofna eigið ríki væri samt „Waterfalls“ með TLC þjóðsöngurinn held ég. **Bók sem ég vildi að ég hefði skrifað:** Ég hefði verið til í að vera memm í að skrifa einhverjar Lukku-Láka bækur. Eða bara allt sem tengist Andrésí Önd. Hann er ein af hetjunum mínum.



# FOCUS

Nýi orkudrykkurinn...  
þessi öfluggi án sykurs!

Aðeins 2 hitaeiningar og 0,5 g kolvetni í 100 ml.

## Koffín, guarana og ginseng... virkar strax!

15 kraftmiklar freyðitöflur í einum stauk.

Skellt út í vatn nákvæmlega þegar þér hentar  
– heima, í vinnunni, skólanum, í ræktinni, í golfinu...

## Handhægt, bragðgott og frábært verð

Vertu alltaf með orkuna við höndina og gríptu einn stauk af FOCUS í næsta apóteki .

Áhrifarík  
innihaldsefni  
- virkar  
samstundis

Fæst í helstu apótekum, brokkoli.is





# „Líður stundum eins og ég sé áttæður“

**Bam Margera** er hjólabrettakappi og hrekkjalómur sem hefur jafnan gert allt vitlaust með félögum sínum í **Jackass-þáttunum** alræmdu. Hann er kominn til Íslands í áttunda skipti og giftir sig hér á laugardaginn ásamt því að halda styrktartónleika fyrir nýjum hjólabrettagarði í Reykjavík.





**B**laðamaður hitti Bam Margera í huggulegri íbúð í miðborg Reykjavíkur, en þar hefur hann gert sig heimakominn síðustu vikur. Bam var einstaklega viðkunnaður og talaði vel um land og þjóð.

**Texti:** Hersir Aron  
**Myndir:** Ómar Óskarsson

hersir@monitor.is  
omar@mbl.is

#### Nú ert þú ekki á Íslandi í fyrsta skipti, hvert er erindi þitt í þetta sinn?

Ég er búinn að vera hérna í einn og hálfan mánuð. Í þetta sinn er ég hér til þess að giftast minni heit-elskuðu Nicole og held auk þess styrktartónleika í Hafnarhúsinu laugardaginn 5. október. Á þessum tónleikum mun ég frumsýna nýju myndina mína eins og hún er núna og þegar hún stoppar hefjast tónleikarnir. Þeir verða síðan lokaatriði myndarinnar, þannig að þeir sem mæta á þá koma líka fram í myndinni. Ágóðinn af tónleikumunum fer í að efla íslenskt hjólabrettalíf.

#### Hvenær komst þú hingað fyrst og hvers vegna?

Ég sá Skógarfoss á National Geographic í kringum 1997 og heillaðist algjörlega af honum, en það var meginástæðan fyrir því að ég vildi koma hingað í byrjun. Ég og CKY-strákarnir flugum hingað og eyddum viku í að taka upp myndband árið 1999, þar sem við gerðum Jackass-stönt úti um allt land. Ég hef komið hingað reglulega síðan og er nú hér í áttunda skipti.

#### Hvað er CKY?

CKY var í raun bara hljómsveit bróður míns. Ég fór síðan að taka upp hjólabretta-myndbönd með Jackass-stöntum inni á milli og kallaði þau CKY, sem kynningu fyrir hljómsveitina. Orðið barst síðan út og þetta fékk mikið áhorf og umtal. Spike Jonze, Jeff Tremaine og Johnny Knoxville voru á vesturströndinni að búa til þátt sem hét Big Brother á sama tíma og ég var að vinna í CKY. Þeir fréttu af mínum þætti, höfðu samband við mig og spurðu hvort ég hefði áhuga á að vera í þætti á MTV sem myndi bera heitið Jackass. Ég var auðvitað til í það, þannig að Jackass var nokkurs konar samruni þessara tveggja þátta.

#### Nú hefur þú eytt hálfri ævinni í að framkvæma áhættuatriði og hrekkja fólk, varst þú „hrekkiþalómur“ sem krakki?

Já, algjörlega. Frændi minn eignaðist vídeóvél í fyrsta sinn þegar ég var 7 ára gamall og ég heillaðist algjörlega af henni. Ég tók myndbönd af mér að berja og hrekkja pabba, tók upp hjólabrettaatriði og alls konar stönt. Það var ótrúlega gaman að geta tekið upp og horft á það sem við vorum að gera. Í skóla var ég annars misgóður, ég fylgdist bara með í þeim tímum sem ég hafði áhuga á. Ég hafði alltaf mikinn áhuga á landafræði og var mjög góður í henni. Hvað stærðfræði varðar þá sagði ég hins vegar alltaf „til hvers?“, þú getur keypt þér reiknivél sem sér um þetta fyrir þig og þá þarftu ekki að eyða heilaplássi í óþarfa. Það sama átti við um sögu, hver skrifaði undir hvað í hvaða fylki, hverjum er ekki sama?

#### Hvernig byrjaðir þú hjólabrettaíðkun?

Þegar ég var sjö ára gamall fékk ég mitt fyrsta hjólabretti. Við vorum átta krakkar í götunni í þessu og allir voru að tala um að ég væri bestur. Þetta hvatti mig mikið áfram þannig að ég hélt áfram að æfa mig á fullu, fékk að lokum styrktarsamning og gerðist atvinnumaður sautján ára gamall.

#### Hvernig er hjólabrettalífið á Íslandi, er þetta stórt sport?

Þetta er ekki jafn stórt og þegar ég kom um 2000. Þá var allt fullt af fólki á bretti á torginu (Ingólfstorgi) og mikið líf í kringum það. Þegar ég fer þangað núna þá sér maður hámark tvo eða þrjú krakka eitthvað að leika sér.

Viðhorfið gagnvart hjólabrettaíðkun er líka mjög mismunandi eftir stöðum, ef þú ferð til Barcelona þá er lítið á þetta sem listgrein og fólk skemmtir sér við að horfa. Annars staðar eru þetta bara einhverjir pönkara-krakkar mættir að skemma steypuna.

#### Þú ert einn af aðalpersónunum í hjólabrettaeiknum Tony Hawk's Underground, hvernig er að stýra sjálfum sér í tölvuleik?

Satt að segja þá þurfti ég að henda leiknum. Ég var svo mikið í tölvuleikjum hérna áður að ég var að missa af flugum út af því. Ég sat límdur við skjáinn og sama hvað mamma reyndi að kalla á mig hundsáði ég hana algjörlega og ætlaði mér bara að vinna borðið. Eftir að ég missti af fimmta fluginu vegna tölvuleikja tók ég PlayStation-tölvuna og henti henni út um gluggann, þetta var komið gott. Ég hef ekki spilað tölvuleiki síðan, nema kannski PacMan á bar. Annars var mjög skrytið að sjá

sjálfan sig á skjánum og það var líka mjög sérstakt þegar karakterinn minn var búinn til. Ég var settur í Spandex galla og límdar á mig bláar kúlur sem greindu hverja hreyfingu, þetta var mjög tæknilegt.

#### Ég sá að þú náðir heilli lykkju sem atvinnuhjólábrettakappi í Arizona, hvað er lykkja?

Það er 20 feta hringur eða lykkja sem þú rennir þér í gegnum og þarft að standa á brettinu allan hringinn. Ég var þrettándi maður heims til þess að afreka þetta þannig ég fagnaði með aðeins of miklu Jack Daniel's. Morguninn eftir vaknaði ég með frekar þunga suðræna konu ofan á mér sem ég hafði aldrei nokkurn tímann séð áður og hún æpti: „Ég elska þig, ég elska þig!“ á meðan hún athafnaði sig.

#### Áhugavert, en aftur að Íslandi. Þú varst handtekinn við komuna til landsins nýlega, um hvað snerist það eiginlega?

Já, þegar ég lenti þá biðu mín þrjár íslenskar löggættur og ætluðu að fara með mig í fangelsið til þess að afgreiða skuldamála við Hertz bílaleiguna. Ég var aldrei settur í handjárn eða neitt svoleiðis en þeir sögðu að ég þyrfti að borga reikninginn ef ég ætlaði að komast út úr þessu.

Ég hafði leigt Land Cruiser hérna áður. Ég lagði honum á meðan ég fór út að borða í bænum og þegar ég kom út af veitingastaðnum var hliðin á honum öll í klessu. Ég klikkaði á því að taka aukatryggingu þannig að ég enda með risastóran reikning. Síðan hafði ég dottið aðeins í það og varð svo reiður að ég kydí út gluggann. Ég setti líka olíumálverk í bílinn og þau láku út um allt. Þetta endaði með því að ég var rúkaður um átta þúsund dollara sem ég borgaði víst ekki alveg á réttum tíma. Ég nennti ekki að lenda í svona kjaftæði aftur þannig að ég keypti mér bara bíl sem ég á hérna á Íslandi. Ég er heldur ekkert vinsælasti maðurinn á bílaleigunum þessa stundina, ég held að starfsfólk Hertz á Keflavíkurlugvelli verði alltaf mjög skelkað þegar ég mæti á svæðið.

#### Ég sá myndband af þér í svipuðum aðstæðum um daginn, lendir þú mikið í svona atvikum?

Þetta var myndband sem ég tók upp með strákunum í OG HVAÐ. Ég hafði leigt íbúð rétt hjá Hallgrímskirkju og leigjandinn vildi rukka mig fyrir alls konar vitleysu. Það var þarna viðarborð með bólgum sem höfðu myndast eftir margra ára vatnsskemmdir, en það átti að kosta mig 800 dollara. Mér finnst eins og fólk setji á mig „Bam-verðmiða“ stundum, þeir vita að ég á tvo Lamborghini-a og er eins og Pétur Pan með kreditkortíð þannig að ég er rúkaður fyrir allskyns rugl. Maðurinn vildi meina að klósettið væri líka ónýtt, en það var í fullkomnu standi þegar ég mætti. Ég bað manninn auðvitað að sýna mér brotna klósettið eða sannanir þess að ég hefði brotið það og hann sagði bara „nei, það er búið að skipta, henda leifunum og sorptæknarnir eru farnir með það á haugana. Þetta endaði með því að fyrst að ég átti að borga fyrir brotið klósett þá braut ég bara „nýja“ klósettið. Þá ætlaði maðurinn að rukka mig fyrir tvo klósett, og á þessum tímupunkti nennti ég ekki meir þannig að ég sagði honum að setja þetta bara á reikninginn minn.

#### Þú sagðist eiga tvo Lamborghini-bíla, ert þú mikill bílaáhugamaður?

Já, algjörlega, ég á átta bíla. Ég á Mercedes Benz frá 1929, Delorean, Mercedes Benz S55 sem Novak (Brandon Novak) rústaði, Porsche Panamera, Lamborghini Gallardo, Lamborghini Murcielago, Hummer, Range Rover og Audi R8. Málið er hins vegar það að ég er með alla þessa bíla heima en er billaus annars staðar hálf árið og þarf að standa í stappi við að redda mér fari hingað og þangað.

#### Hvað fannst foreldrum þínum um Jackass-ferilinn? Höfðu þau háleit markmið fyrir þig?

Foreldrar mínir hafa alltaf stutt mig í öllu. Pabbi leyfði mér meira að segja að sleppa skóla við og við til þess að fara út á hjólabrettagarð því hann sá að áhuginn lá þar. Þau voru hins vegar ekki alveg nógu sáttt þegar ég hætti í skóla í 10. bekk eftir að ég manaði besta vin minn til þess að kúka á skáp. Hann var rekin en mér fannst ég vera ábyrgur þannig að ég hætti líka, mömmu til lítillar ánægju. Að lokum fór ég þó og kláraði prófið til þess að sanna að ég væri ekki hálfviti, ég endaði með B+.

#### Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í Jackass?

Mér finnst skemmtilegast að framkvæma stönt þar sem ég hef stjórn á aðstæðum, t.d. að skella mér af hjólabrettarampi á múrvegg. Þar get ég stjórnað því hvernig ég skelli mér á vegginn þannig að það sé fyndið, en án þess að ég drepi mig. Á sama tíma er Johnny Knoxville að hlaupa inn í nautaatshringi með bundið fyrir augun og lætur nautið sparka úr sér líftórna. Þar hefur maður ekki mikla stjórn á aðstæðum.

Hefur þú einhvern tímann slasast mjög alvarlega?

Já, já, það hefur alveg komið fyrir. Ég er t.d. með sextán spor í höfðinu eftir að hafa stungið mér ofan í vatn sem átti að vera um tveggja metra djúpt en var ekki nema rúmur hálfur metri með hvössum steinum á botninum. Ég hélt að ég hefði hálsbrotnað, en svo var sem betur fer ekki. Ég var hins vegar með risastóran skurð á höfðinu sem þurfti að sauma ansi vel. Ég hef brotið rifbein átta sinum, hægri ristina átta sinnum, þá vinstri þrisvar, fótbrotnað á þremur mismunandi stöðum, rófubeinsbrotnað o.s.frv. Stundum vakna ég alveg í klessu og mér líður eins og ég sé áttæður.

#### Hafði þú aldrei lent í vandræðum vegna þess að fólk er að leika stöntin ykkar eftir heima hjá sér?

Jú, það er einmitt málið. MTV er kært reglulega af fúlum mömmum sem segja „Sonur minn kveikti í sér og það er allt vegna þess að hann horfði á ykkur!“. Í því tilfelli svörðuðum við því reyndar að við hefðum sjálfir aldrei kveikt í okkur og þá sagði hún á móti „Já, en það er svona Jackass-hlutur, þannig að það er samt ykkur að kenna!“. Við fáum mikið af svona og stundum getur meira að segja verið betra að borga fólkinu bara einhverja smá upphæð til þess að losna við vandræðin og kostnaðinn sem fylgir því að reka málið fyrir rétti. Þú ert kærður fyrir allt milli himins og jarðar og það er alveg óþolandi vegna þess að jafnvel þó að þú vinnir þá taparðu samt alltaf tæknilega séð. Ég þarf að borga lögfærðingnum, borga fyrir vitni til þess að mæta á svæðið o.s.frv., þannig að oft finnst manni bara betra að borga og losna við líðið.

„Ég sá Skógarfoss á National Geographic og heillaðist algjörlega.“

#### Hvað er það hættulegasta sem þú hefur gert?

Ætli það hafi ekki verið þegar ég rúllaði niður 30 metra háan foss í Oregon á kajak. Ég skrifaði undir samning við myndavélaframleiðandann Contour um að gera tvö stönt á ári með nokkurs konar GoPro myndavél. Þeir misreiknuðu hins vegar hæð fossins sem ég átti að rúlla niður, en mér var sagt að hann væri fimmtán metrar. Þegar á hölminn var komið kom í ljós að hann var tvöfalt hærri. Það var þarna kominn atvinnumaður ásamt 20 áhorfendum frá Suður-Afríku að horfa á mig og þ.a.l. ekki í boði að hætta við. Þetta var vægast sagt ógnvekjandi lífsreynsla.

#### Að brúðkaupinu, hvar hittir þú verðandi eiginkonuna fyrst?

Við hittumst rétt fyrir utan San Fransisco á CKY-sýningu sumarið 2009. Hún sat fremst með myndavél og við vorum alltaf að horfast í augu. Eftir klukkutíma af augngotum fór ég bara og leiddi hana upp á svið. Þegar við spjölluðum eftir á náðum við síðan ótrúlega vel saman og eftir það var ekkert aftur snúið. Brúðkaupið hérna á Íslandi verður mjög lítið fjölskyldubrúðkaup, en síðan verða tónleikarnir í Hafnarhúsinu auðvitað risastór viðburður og alvörupartí. Ágóðinn af þeim fer svo í nýjan hjólabrettagarð í Reykjavík.

#### Nú ert þú alþjóðleg stjarna, verður frægðin aldrei þreytandi?

Ég reyni alltaf að taka vel í athygli og pirrast ekkert á því þó fólk sé utan í mér. Það er bara tvennt sem getur verið pirrandi. Annars vegar þegar einn fær mynd með mér þá dregur það oft dilk á eftir sér þannig að ég er kominn með heilan hóp í kringum mig að láta taka mynd. Hitt er þegar ég er á almenningshjólabrettagarðum þá get ég ekki einu sinni hreyft mig. Það er alltaf kominn hópur af liði að „tækka á Bam Margera“, fá myndir og áritanir o.s.frv. Þetta er líka aðstaða þar sem maður getur aldrei unnið, því ef ég sit ekki fyrir á myndum og gef áritanir þá er ég fífl, en ef ég er allan tímann að því næ er ekkert að æfa mig.

#### Færð þú meiri frið hér á Íslandi en annars staðar?

Það virðist sem Norðurlöndin í heild séu afslappaðri hvað þetta varðar. Hérna horfir fólk á mann en maður fær meiri „hey ég er mikill aðdáandi, þú ert að gera góða hluti“-viðbrögð, sem er bara gaman. Ef þú ert hins vegar á Írlandi, Ástralíu og slíkum stöðum þá færðu meira af leiðinlegra „gríni“. Ég var einu sinni staddur á bar og það kom stelpa æðandi að mér, óskraði „PARNA ER JACKASS-GÆINNI!“ og löðrungaði mig af öllu afli. Hún hitti mig hins vegar í eyrað og skaddaði það þannig að þetta var ekkert sérstaklega fyndið. Ég brást bara við með því að hella bjórnum mínum yfir hana og þá var hún alveg brjáluð. Afsökunin hennar eins og svo margra annarra var að löðrungrinn væri svona „Jackass-grín“.

Hvað verður þú að gera um sjötugt? Verður það golf á Flórída eða verða kamrasprengingar enn í fullum gangi?

**BAM MARGERA**  
**Á 30 SEKÚNDUM**

Fyrstu sex: 280979


Beinbrot: Svona 22-25

Tattúfjöldi: Of mörg til að telja









## HITT OG ÞETTA

**Versti ótti:** Snákar  
**Leiðinlegasti Jackass-meðlimur:** Engan dónaskap  
**Ég í tveimur orðum:** Shit Show  
**Reykjavík eða L.A.?** Klárlega Reykjavík

## UPPÁHALDS

**Matar:** Tælenskur  
**Staður:** Jafntefli milli Íslands og Balí  
**Kvikmynd:** Groundhog Day  
**Tónlistarmaður:** Andy McCoy

Ég hugsa aldrei of langt fram í tímann, fyrst og fremst ætla ég bara að hafa gaman og lifa lífinu.

**(Hér stígur Brandon Novak inn í og leggur sitt til málanna)**

Þú átt líf hérna, lifðu því. Lögfræðingurinn minn sagði mér eitt sinn „Novak, ég hef aldrei séð peningabíl mæta með líkinu í jarðarförina“. Þælingin er sú að maður á að eyða aðeins og lifa lífinu meðan maður er lifandi. Hugsun lögmannsins er reyndar sú að hann vill fá allan peninginn inn á sinn reikning. Mamma þolir ekki helvítið á honum.

**Góður punktur, en nafnið Bam. Hvar á þetta uppruna sinn?**

Ég heiti réttu nafni Brandon. Þegar ég var lítill krakki átti ég það hins vegar til að hlaupa á veggjum oftast en gengur og gerist. Afí fór að kalla mig Bam-Bam og það styttist síðan í Bam. Þetta hefur haldist alla tíð síðan og í dag svara ég ekki nafninu Brandon.

**Mér finnst eins og fólk setji á mig „Bam-verðmiða“**

**Ert þú með einhverjar fóbíur?**

Ég þori eiginlega ekki að segja þetta upphátt því þá verð ég hrekkur með því. Ætli það séu ekki aðallega snákar og köngulær. Ég hef tvisvar grátið í Jackass-þætti og bæði skiptin tengjast snákum. Fyrri skiptið var ég læstur inni í truck með Cobra-slöngu og komst ekki út. Það var örliðið gat á vagninum sem ætti að vera ómögulegt að komast út um en ég náði einhvern veginn að troða mér út um það í algjöru uppnámi og meiddi mig töluvert í leiðinni. Í seinna skiptið var mér sagt að ég væri að fara inn að framkvæma hrekk sjálfur, en strákarnir voru búnir að koma fyrir gildru þannig að á leiðinni inn datt ég ofan í fjögurra metra gryfju sem þeir fylltu af snákum. Ég átti ekki séns á að komast þarna upp úr og fór alveg í kerfi. Ég hef aldrei á ævinni verið jafnhæddur.

**Hver er besti hrekkur sem þú hefur framkvæmt?**

Einn sá besti var þegar við skrifuðum fyrst undir samning við MTV-framleiðendurna fyrir nýjan þátt, Viva la Bam. Þeir sögðu mér að þeir vildu hafa þennan þátt svona alvöru og „original“. Ég ákvað að taka þá á orðinu, komst að því í hvaða herbergi þeir væru á mótelinu þar sem við gistum og brunaði á Hummernum beint inn í herbergið. Þeir vildu hafa þetta alvöru. Löggan kom og þetta kostaði mig 5000 dollara, þetta var samt algjörlega þess virði!

**Nú klæðir þú þig ekki beint eins og milljónamæringur, lendir þú aldrei í neinum fordómum vegna klæðaburðar?**

Jú, algjörlega, ég gisti oft á þessum allra flottustu hótélum og þar er bara strollandi lið í jakkafötum sem horfir á mann eins og maður sé eitthvað skrýtinn. Ef ég lendi t.d. í einhverjum aðstæðum á hóteli og löggan mætir á svæðið þá hlustar hún alltaf á hótelsstarfsfólkið frekar en mig. Svo lítur hótelsstarfsfólk oft á mig eins og ég sé bara einhver róni vegna þess hvernig ég klæði mig, á meðan ég er raunverulega nýkominn af 50 þúsund manna EMINEM-tónleikum þar sem ég var á sviði og er bara í sviðsbúningnum. Ég geri samt út á þetta. Í hvert skipti sem ég hef keypt mér nýjan sportbíl fer ég í náttfötum eða skitugum bol og skólaus til þess að hneyksla aðeins. Þetta virkaði vel þegar ég fór og keypti Hummerinn minn. Þá sátu þrír sölumenn inni í umboðinu í hrókasamræðum, þeir sáu mig vel en hundsudu mig algjörlega. Eftir u.þ.b. hálf tíma kalla ég til þeirra „Afsakið, get ég keypt einhvern helvítis bíl hérna inni?“. Þá urðu þeir allt í einu yfirmáta kurteisir, en ég sagði þeim bara að halda kjafti og keypti bílinn.

**Um hvað snýst nýja myndin þín?**

Hún heitir „Let's go to jail“. Hún byrjar á því að mig dreymir mjög raunverulegan draum um að Ryan Dunn slái mig og segi mér að vakna, en hann er leikinn af Zach Galifianakis. Ég vakna og spyr „Dunn, ert þetta þú?“. Hann svarar um hæl „Nei, þetta er Zach Galifianakis, nei auðvitað er þetta ég, hvað í fjandanum heldurðu?“. Hann segir mér að rífa mig upp af rassgatinu og fara að gera eitthvað, t.d. að skella mér bara í fangelsi. Myndin snýst síðan að mestu um mig að reyna að komast í fangelsi á ýmsan hátt. Ég lendi í alls konar slagsmálum, læt henda mér út af hótélum, reyni að láta handtaka mig o.s.frv. Ég hef aldrei fengið þann heiður að fara í fangelsi þannig að mig langaði að gera mitt besta í þetta skiptið.

**Að lokum, nú lifir þú sannkölluðum rokkstjörnulífsstíl. Getur þú sagt mér frá klikkaðasta partíu sem þú hefur farið í?**

Nágrannar mínir heita Gina Lynn og Travis og eru klámstjörnur. Þau halda reglulega svona swingerpartí þar sem allir mæta og stunda kynlíf með öllum. Myndatökumaðurinn minn er með mér þarna en hann hittir stelpu og fer með henni í smá „stúss“. Allt í einu gengur maðurinn hennar inn á þau og það myndast þarna hörkuslagsmál. Myndatökumaðurinn stóð í þeirri trú að hann væri í klámhúsi í orgíupartíu og þetta væri allt í góðu, en eiginmaðurinn var ekki alveg sammála. Ég var fljótur að flýja staðinn.



★ + ★

# HAMBURG EYEWEAR



Optical Studio  
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



**ADDI SÓLSTAFIR**

Fyrstu sex: 070777

Ég sef í: pass

Lag sem kemur mér í girinn

fyrir tónleika: „Juke Box

Hero“ með Foreigner.

**Starstruck á Eistnaflugi**

**Aðeins örfáar íslenskar þungarokksveitir innihalda stelpur eða konur, er ekkert pláss fyrir kvenkynið í rokkinu?**

Sorglegt en satt, en þá hefur hljómsveitarbransinn alltaf verið domineraður af strákum. Vonandi að frábær framtök eins og „Stelpur Rokka“ geti eitthvað bætt úr þessari tölfræði.

**Hver hefur verið hápunkturinn á ferli ykkar í Sólstöfum hingað til, er eitthvað sem stendur upp úr?**

Við höfum komið víða við, Hróarskelda, Hellfest, Wacken, skemmtiferðaskip á Bahamaeyjum o.fl. Ætli minn persónulegi hátindur hafi ekki verið að spila á Aldrei fór ég suður á Ísafirði, hjartað í manni hefur miklar taugar í gamla heimabæinn. Og að hitta Tom Warrior á Eistnaflugi. Hef aldrei verið jafn starstruck.

**Þið í Sólstöfum syngið á íslensku, af hverju?**

Pegar við stofnuðum Sólstafr, 1995, höfðum við verið í hljómsveitum með allt á ensku, og okkur langaði að prufa eitthvað nýtt. Fórum svo aðeins yfir í ensku nokkrum árum síðar, en svo var síðasta plata aftur öll á íslensku. Tjáningin verður einhvern veginn meira einlæg á móðurmálinu. Það er aðeins örsjaldan sem fólk erlendis kvartar yfir að skilja ekki textana.

**Hverjir eru ykkar helstu áhrifavaldar í tónlistinni?**

Duran Duran, Dark Throne, HAM, XIII, Smashing Pumpkins, breskt nýbylgju-popgoth-rokk.

**Hvað er að þínu mati besta rokklag Íslandssögunnar?**

„Lífð og Tilveran“ með Start.

**Í miðbænum ræður elektró-tónlist og krúttkynslóðin frekar ríkjum en harðkjarna rokk, eiga íslenskir rokkarar einhvern séns í hipsterana?**

Í hvaða miðbæ býrð þú? Ekki sama og ég greinilega. Svo er „harðkjarnarokk“ ömurlegt orð þér að segja. Það er ekki nokkur skapaður hlutur sem á séns í alvöru Rock N Roll.

**BIGGI DIMMA**

Fyrstu sex: 180573

Ég sef í: Sólstafa-samfellunni minni.

Lag sem kemur mér í girinn fyrir tónleika:

Langar að segja Killed by Death með Motorhead, en í sannleika sagt þá vil ég bara hafa þögn og vera látinn í friði fyrir gigg. Maður þarf að eiga smá móment með sjálfum sér fyrir svona djöfulgang.



# ROKK SEM RÍFU

*Þungarokk virðist njóta sívaxandi vinsælda á Íslandi.*

**Monitor** tók púlsinn á ólíkum tónlistarmönnum sem eiga það þó sameiginlegt að vera allir með hjartað í rokkinu.

**KRUMMI LEGEND OG MÍNUS**

Fyrstu sex: 290879

Ég sef í: Rúmi

Lag sem kemur mér í girinn fyrir tónleika:

Er meira fyrir það að hafa þögn rétt fyrir tónleika og hugleiða. Svona logn fyrir storminn.

**Með hjartað á réttum stað**

**Hver hefur verið hápunkturinn á ferli þínum sem tónlistarmanns hingað til?**

Það að geta skapað tónlist og gefið hana út er hápunkturinn fyrir mér.

**Hverjir eru þínir helstu áhrifavaldar í tónlistinni?**

Það eru mismunandi. Það geta verið hversdagslegir hlutir, fólk, náttúra, byggingar, málverk, draumar, kvikmyndir, bókmenntir, dýr og svo framvegis. Tónlist frá áttatíu áratugnum hefur haft mikil áhrif á mig enda ólst ég upp við tónlist frá þeim tíma.

**Hvað er að þínu mati besta rokklag Íslandssögunnar?**

Þau eru mörg en ég skal nefna eitt lag sem mér dettur bara í hug núna og það er Rúdólf með Pepsurunum.

**Legend hefur ákveðinn elektró-keim, hefur raftónlist alltaf verið áhrifavaldur í þinni tónlistarsköpun?**

Já, það má alveg segja það. Mínar fyrstu hljómsveitir voru í raftónlistinni í byrjun níutíu áratugsins. Ég hef verið og er enn mikill aðdáandi raftónlistar.

**Er einhver munur á því fyrir þig að koma fram með Mínus eða Legend?**

Ég legg alveg jafnmikið í flutninginn hjá báðum sveitum. Það er aðeins meira um sviðsumhverfi hjá Legend en krafturinn er sá sami.

**Eistnaflug hefur mjög gott orð á sér miðað við aðrar útihátíðir og almennt virðist vera lítið um ofbeldi eða nauðganir á þeirri hátíð þvert á það sem margir kynnu að ímynda sér, af hverju stafar þetta?**

Fólk sem mætir á Eistnaflug er með hjartað á réttum stað. Við verðum að vera góð við hvort annað og kunna að skemmta okkur án þess að einhver verði fyrir ofbeldi eða kynferðislegu ofbeldi. Elskum friðinn og berjumst gegn ofbeldi!

**ÓSKAR THE VINTAGE CARAVAN**

Fyrstu sex: 150894

Ég sef í: Fólki

Lag sem kemur mér í girinn fyrir tónleika:

„Invisible Touch“ með Genesis kemur partiinu í gang!



## Pungarokkarar eru miklir faðmarar

**Þið í Dimmu syngið á íslensku, er það vænlegt á alþjóðlegan markað?**

Fyrstu tvær plötur DIMMU voru á ensku. Svo fannst okkur það allt í einu hljóma þínu klisjukennt. Við erum ekkert að elta við einhverja heimsfrægd. Við spilum bara okkar tónlist fyrir fólk sem fílar hana og ætlum ekki að breyta því. Ef eitthvað gerist hjá okkur á alþjóðlegum markaði þá er það gaman en það þá á okkar forsendum. Við höfum farið í gegnum þetta „meik“ sem meðimír í öðrum sveitum og nenum engu rugli lengur.

**Hvað er að þínu mati besta rokklag Íslandssögunnar?**

Zoot með XIII.

**Rennur rokkið einhvern tímann út?**

Góð tónlist rennur ekkert út, hvort sem það er rokk eða eitthvað annað. Ég vonast mjög til að bera gæfu til þess að geta hlustað á og spilað pungarokk á elliheimilinu. Menn hætta ekkert einhverju sem er hluti af þeim.

**Rokkhátíðin Eistnaflug hefur mjög gott orð á sér miðað við aðrar útihátíðir og almennt virðist vera lítið um ofbeldi, af hverju stafar þetta?**

Rokkhópurinn á Íslandi er mjög samheldinn, það viðgengst ekkert rugl og allir eru velkomnir eins og þeir eru. Stebbi Hressi og hans fólk sem skipuleggur Flugíð hafa líka gefið það út að ef það er eitthvað vesen eða kjaftæði þá hætta þau að halda þetta partí. Allir sem mæta á Eistnaflug eru stoltir af þessari staðreynd og ég hef t.d. aldrei sé neitt vesen á öllum þeim pungarokkstónleikum sem ég hef spilað eða farið á. Aftur á móti er ég alltaf að drepa í öxlunum eftir allt faðmið sem viðgengst. Pungarokkarar eru nefnilega miklir faðmarar.

**Eiga íslenskir rokkarar einhvern séns í hipsterana sem ráða ríkjum í miðbænum?**

Aðalmunurinn á þessum senum er hvaða áhangendurnir eru tryggir. Það eru mjög fáar krútt- og indísveitir sem hafa jafn tryggt fylgi og stærstu rokkböndin á Íslandi hafa. Hipsterarnir eru krúttleg lítil fjórildi sem elta tiskuna, við bjóðum þá bara velkomna í rokkhópinum um leið og þeir proskast.



### BUBBI MORTHENS

Fyrstu sex: 060656

Ég sef í: Ógnarstóru rúmi.

Lag sem kemur mér í girinn fyrir tónleika: Ekkert.

## Rokkið er eins og laukur

**Þú átt langan og fjölbreyttan feril að baki, gætir þú nefnt einhvern hápunkt á þeim ferli?**

Nei, tónlist er gríðarlega nútengd. Að koma fram á tónleikum er eitt af fáum augnablikum þar sem þú ert algerlega í núinu, fyrir utan kynlíf kannski. Svo hvert einasta gígg, hvort sem ég er einn eða með hljómsveit, er algerlega nútengt og þar af leiðandi er það alltaf það besta og æðislegasta sem ég upplifi. Það væri hrikalegt ef þetta væri eins og í laxveiði og fyrsta gígginn þitt væri kannski 50 punda lax, hvað ætlarðu að gera eftir það?

**Þú hefur alltaf sungið á íslensku, fer íslenskan og rokkið svona vel saman?**

Já, en ég held að það sé aðallega það að ég get ekki tülkað né tjáð mig og fínustu blæbrigði hugsanna minna á öðru tungumáli. Ég hef líka verið að syngja um þann veruleika hverju sinni sem ég þrífst í og verið að spegla mikið íslenskt samfélag. Ég held að það að syngja á íslensku sé einhvern veginn rétt, ég fæ allavega rétta útkomu ef við setjum þetta upp sem reikningsdæmi.

**Svo virðist sem færri stúlkur fari út í rokkið en strákar, hverju sætir þetta?**

Þetta hefur verið mjög karllægt, þetta er í rauninni eins og á togurunum sko. Það hefur ekki verið mjög algengt að stúlkur séu hásetar á togurum. Af hverju? Ég veit það ekki, þetta getur verið samfélagslegt eitthvað. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að stelpur geti rokkað og gert það með sínu nefi. Ég auglýsi hér með eftir fleiri rokkstelpum.

**Eins og áður hefur komið fram hefur þú átt langan feril, er rokkið þá ekki bara verkfæri unga mannsins?**

Ég held að rokkið sé svona „state of mind“. En svo held ég líka að rokkið sé eins og laukur og að í því séu nokkur lög. Ef þú ert ungur rokkari og ert ekki smá hættulegur, þá ertu að gera eitthvað vitlaust. En ég held að ef þú lifir það af munir þú finna dýpri kjarna í rokkatónlistinni sem er mjög gefandi og þroskandi.

# R Í HLUSTIRNAR

## Eitt stórt „dickfest“

**Hver hefur verið hápunkturinn á ferli ykkar í The Vintage Caravan hingað til, er eitthvað sem stendur upp úr?**

Að skrifa undir hjá Nuclear Blast, stærsta pungarokksútgefufyrirtæki í heiminum, er líklegast hápunkturinn. Að vera bókaðir á Roadburn, spila á Eistnaflugi 2013, vinna með Bowen Staines og Flexa. Síðan var ógleymanleg tilfinning að halda á eintaki af fyrstu plötunni. Allt þetta stendur mjög upp úr.

**Í miðbænum ræður elektró-tónlist og krúttkynslóðin frekar ríkjum en harðkjarna rokk, eiga íslenskir rokkarar einhvern séns í hipsterana?**

Með fullri virðingu fyrir krúttunum, þá er þeirra músík ekki fyrir mig. Já, rokkarar/metalhausar hafa heldur betur í krúttin, enginn hópur er jafn „loyal“ því sem þau elska. Ég ætlaði að svara þessari spurningu á ósmekklegru máta, en kom þessu nokkuð fallega frá mér.

**Hverjir eru ykkar helstu áhrifavaldir á tónlistinni?**

QOTSA, Rush, Black Sabbath, Mastadon, King Crimson. Bara allt sem er groovy, hrátt og gratt. **Svo virðist sem færri stelpur leiti í pungarokksveitir en strákar, er rokkið strákasport?**

Já, hvað er þetta eiginlega? Ég vil fá fleiri stelpur í sportið, þetta er, fyrir utan frábæra bandið Angist, mestmegnis eitt stórt „dickfest“. Stelpur, takið upp hljóðfærin og óskrið!

**Rennur rokkið einhvern tímann út? Verður þú ennþá að á elliheimilinu?**

Rokkið er svo mikilvægt og hefur orðið að lífsstíl hjá svo mörgu fólk, þetta er ekki bara eitthvað sem er í útvarpinu og gleymt næsta dag. Þú mátt bóka það að á elliheimilinu, ef ég dey ekki í „freak gardening“-slysi eins og í Spinal Tap, þá verð ég blastandi gömlu plötunum.

**Á Eistnaflugi virðist vera minna um ofbeldi en á öðrum íslenskum útihátíðum, af hverju stafar það?**

Það er algjör skömm að það þyki vera magnað að engum skuli hafa verið nauðgað á tónlistarhátíð, sorglegt að mannskepnan skuli láta svona ógeðsleg Pungarokkssamkomur eru friðsælustu samkomur í heimi. Fólk á Eistnaflugi veit líka ef það gerir einhvern svona viðbjóð þá verður hátíðin aldrei haldin aftur, enginn vill vera sá gaur. Og þeir sem lumbra á fólk að ástæðulausu eru aumingjar.

## Hróarskelda eins og landsleikur

**Hver hefur verið hápunkturinn á ferli ykkar í Agent Fresco hingað til, er eitthvað sem stendur upp úr?**

Ætli það verði ekki að vera Hróarskelda. Það var svona þínu eins og að spila sinn fyrsta landsleik.

**Ungt fólk hefur fjölmargar fyrirmyndir að líta til í rokkinu hér á landi en aðeins örfáar eru kvenkyns. Hvar eru stelpurnar?**

Þetta er spurning sem ég velti reglulega. Ætli þetta sé ekki eitthvað uppeldistengt um hvað sé samfélagslega ásættanlegt fyrir stelpur að hlusta á og spila. Það fer vonandi að breytast.

**Hverjir eru ykkar helstu áhrifavaldir á tónlistinni?**

Eins ömurlega klisjukennt og það hljómar þá er erfitt að benda á einhverja sérstaka listamenn. Við sækjum innblástur allstaðar frá og það er hugarfar sem ég held alltaf í. Að hafa fordóma fyrir tónlist er ábyggilega mjög heftandi. Það er hægt að finna eitthvað áhugavert í öllum stefnum sem svo er hægt að nýta sem efnivið til að byggja eitthvað nýtt úr. Hafid þið heyrt snerilsandið í „Party in the USA“? En tóntegundaskiptin í „Heyr himnasmiður“? En minimal grúvið hjá Samaris?

**Hvað er að þínu mati besta rokklag Íslandssögunnar?**

Peyr – „Rúdólf“

**Rennur rokkið einhvern tímann út? Verður þú ennþá að á elliheimilinu?**

Eitthvað segir mér að ég muni aldrei geta hætt að skapa.

**Eistnaflug hefur mjög gott orð á sér miðað við aðrar útihátíðir og almennt virðist vera lítið um ofbeldi eða nauðganir á þeirri hátíð þvert á það sem margir kynnu að ímynda sér, af hverju stafar þetta?**

Mín reynsla er sú að því þyngri tónlist sem fólk hlustar á, því ljúfara er það. Ætli þetta sé yin og yang-atriði?



### TÓTI AGENT FRESCO

Fyrstu sex: 070289

Ég sef í: Dúnmjúku rúmi.

Lag sem kemur mér í girinn fyrir tónleika: „Party in the USA“



Munntóbaksnotkun ungra Íslendinga hefur aukist talsvert á síðustu árum og þá sérstaklega munntóbaksnotkun ungra karlmannna. **Monitor** tók saman nokkrar staðreyndir um tóbak sem mikilvægt er að neytendur sem og aðrir hafi á hreinu.



**SJÁDU FYRIR ÞÉR LJÚFA KOSSA MED NOKKRUM AFGANGS TÓBAKSKORNUM. NAMMI!**

# Reyklaust, ekki hættulaust



## RÁÐ SEM HJÁLPA ÞÉR AÐ HÆTTA

**D**rekktu mikið af vatni fyrstu dagana eftir að þú hættir að nota tóbak, það hjálpar þér að losna við nikótíníð úr líkamanum. Þegar nikótíníð veldur ekki lengur samdrætti í æðum getur blóðþrýstingurinn lækkað. Það getur valdið svima sem hægt er að draga úr með vatni.

**B**orðaðu milli mála og allar máltíðir. Þegar nikótíníð hækkar ekki lengur blóðsykurinn geta ávextir hjálpað til við að halda honum stöðugum.

**H**reyfðu þig meira ef þú getur. Það getur að vissu leyti komið í stað þeirrar vellíðunar sem nikótíníð veitir.

**F**áðu aðstoð. Þú getur fengið ókeypis ráð og hvatningu til að halda út sem og svör við spurningum hjá Ráðgjöf í reykbindindi, í síma 800-6030, eða á vefsvæðinu [www.reyklaus.is](http://www.reyklaus.is) sem býður upp á góð ráð og spjallsvæði fyrir þá sem eru að hætta tóbaksnotkun. Þar getur þú líka fengið upplýsingar um þá aðila sem veita aðstoð við að hætta tóbaksnotkun.

Frekari upplýsingar um lyf til að hætta tóbaksnotkun er hægt að nálgast hjá heilsugæslunni og í apótekum.

- Venjulegt rakt munntóbak, stundum nefnt snúss, hefur verið til í Svíþjóð í um það bil 200 ár. Áður fyrr voru neytendurnir einkum rosknir karlmenn sem unnu líkamlega vinnu og bjuggu flestir í dreifbýlinu.

- Þeir sem stinga upp í sig snússkammti fá í blóðið meira nikótín sem endist lengur en ef þeir reykja sígarettu.

- Samkvæmt rannsókn á 10.000 norskum karlmönnum eykur munntóbaksnotkun hættuna á krabbameini í brisi um 67%.

- Á Íslandi er með lögum bannað að flytja inn, framleiða og selja fínkornótt neftóbak og allt munntóbak að undanskildu skrotóbaki.



- Um það bil 3% karlmannna og 0,3% kvenna notuðu munntóbak daglega árið 2007. Um það bil 5,7% karlmannna notuðu munntóbak daglega árið 2012.

- 15% aðspurðra karlmannna á aldrinum 18 til 24 tóku daglega í vörina árið 2012 og 13% á aldrinum 25 til 34.

- Árið 2007 reyndust 40% þeirra sem nota munntóbak jafnframt reykja daglega eða öðru hvoru. Til samanburðar reyndust 24% þeirra sem ekki nota munntóbak reykja daglega eða öðru hvoru




- Munntóbak ertrí slímhúðina í munni og ef munntóbaks er lengi neytt myndast iðulega dæld sem kallast „snússholan“.

- Breytingarnar í slímhúðinni geta verið undanfari krabbameins í munnholi. Um 37% þeirra sem fá krabbamein í munnholi eftir notkun munntóbaks eru enn á lífi fimm árum síðar.

- Við notkun á munntóbaki þrengjast æðarnar í líkamanum og blóðflæði til vöðva minnkar. Þar af leiðandi tekur það mun lengri tíma að byggja upp vöðva hjá þeim einstaklingum sem nota munntóbak en hjá þeim sem gera það ekki. Það er meiri hættu á meiðslum og fólk er líka lengur að ná sér eftir meiðsli ef það notar munntóbak.


- Út frá niðurstöðum um magn tóbaksnotkunar og þróun á sölu neftóbaks má ætla að á bilinu 70–80% af framleiðslu ÁTVR á íslensku neftóbaki sé notaður í vör.

- Frá 2012 til 2013 hækkaði verð á neftóbaki í ÁTVR um 107%. Áhrif verðhækkunnar má glögglega sjá á sölutölum en sala á neftóbaki hefur minnkað um 7,7% milli ára.




**Heimildir:** Tóbaksskönnun landlæknisembættisins mars-apríl 2012. Munntóbak, leiðbeiningar fyrir þá sem vilja hætta, Lýðheilsustöð, apríl 2011. Vísindavefurinn.


### Tíðni munntóbaksneyslu neytenda




Ég ætla að hætta að nota tóbak í vörina á næstu 30 dögum




Ég ætla að hætta að nota tóbak í vörina en ekki á næstu 6 mánuðum



Ég ætla að hætta að nota tóbak í vörina á næstu 6 mánuðum



Ég hef ekki hugsað mér að hætta að nota tóbak í vörina



### Hversu lengi endist tóbaksdósinn neytendum?







Nicorette® QuickMist munnholsúði

# HVISS!

- og reykingalöngunin minnkar

Nicorette® QuickMist munnholsúðinn er nýjasta níkótínlyfið frá Nicorette og virkar á 60 sekúndum



## Nicorette® QuickMist

- Úðist í munn við reykingabörf
- 1 mg níkótín í hverjum úða
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Virkar á 60 sekúndum
- Er með mintubragði
- Hvert úðahylki inniheldur 150 úða
- Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

**nicorette** auðveldar þér að hætta að reykja


**nicorette**  
nicotin

Nicorette® QuickMist munnholsúði er níkótínlyfi (inniheldur einnig lítið magn af etanól (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fánlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á níkótínfíki, til að draga úr fráhrarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnar eftir því hve mikið var reykt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á kst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir níkótíni eða öðru innihaldsefni lyfisins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfisins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan háþrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lífrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtill, æxli í nýrnahettum, magasár eða vélindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reykt eiga ekki að nota lyfið. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Victor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabær.



**BÍÓ**

Hvað er betra en að kúra og horfa á góða mynd? Bíódeit er algjör klassík og dettur aldrei úr tísku. Í Bíó Paradís er hægt að hafa það einstaklega kósí en þar er hægt að skella örmunum upp og því hægt að hjúfra sig meira saman. En það er nauðsynlegt að bíó sé ekki það eina á dagskrá því ekki er hægt að spjalla mikið í bíósalnum.

DEIT  
1**Ert þú skotin/n í**

**einhverjum?** Hertu upp hugann og bjóddu viðkomandi á deit!

Ekkert heillar meira en vel undirbúið og úthugs- að stefnumót. **Stíllinn** skipu- lagði þrjú spennandi deit og dressaði þörin frá toppi til tóar með fatnaði frá Vero Moda, Vila, Jack & Jones og Selected þar sem þú finnur allt í fataskápinn á góðu verði.

# HEIT DEIT

## í Reykjavík

**SAMFESTINGUR: VERO MODA****PEYSA: VERO MODA****VESTI: VILA****ÞYKKARI PEYSA: VILA****ÍS**

Eftir bíóið er gaman að fara í ísbiltúr, við Íslendingar erum sjúkir í ís og því hafa sprottið upp ísbúðir um allan bæ svo það er um nóg að velja. Stíllinn mælir með Valdís í Grandagörðum. Valdís er gríðarlega vinsæl þessa dagana og því getur myndast löng biðröð en það er bara betra á deiti, meiri tími fyrir spjall og þaður.

**PEYSA: JACK & JONES****GALLASKYRТА: SELECTED****BUXUR: JACK & JONES****ÚLPA: JACK & JONES****LEIKHÚS**

Ef þú vilt gera þetta með stæl þá býður þú deitinu þínu í Þjóðleikhúsið. Það er eitthvað við það að klæða sig í sitt fínasta púss og fara á gott leikrit.

DEIT  
2DEIT  
1



FATNAÐUR: ALLT FRÁ SELECTED

**FISH SPA**

Eftir skautana er tilvalið fyrir þreytta fætur að fara beinustu leið í Fish spa sem staðsett er á Hverfisgötu 98. Þar dekra fiskarnir við þig og gera fæturna silkimjúka.



**SKAUTAR**

Komdu á óvart, segðu deitinu þínu að klæða sig vel og skellið ykkur á skauta. Það er rómantík í loftinu þegar haldist er í hendur, skautað hring eftir hring og spjallað um lífið og tilveruna.



**VILTU VINNA DEIT?**

Fylgstu með á facebook síðunni okkar [facebook.com/monitorbladid](http://facebook.com/monitorbladid) og þú getur unnið Deit 1, 2 eða 3

- 2 boðsmiðar á skauta og í Fish spa.
- 2 boðsmiðar í Bíó Paradís og inneign í Valdís.
- 2 boðsmiðar í Þjóðleikhúsið á leikritið Harmsaga og brauðhleifur til að gefa öndunum.



**KJÓLL: VERO MODA**  
**HÁLSMEN: VILA**  
**JAKKI: VERO MODA**  
**TREFILL: VILA**



**GEFA ÖNDUNUM**

Eftir leikhúsferðina er einstaklega huggulegt að taka göngutúr um miðbæinn. Þá er tilvalið að koma við hjá tjörninni og gefa öndunum brauð.

**KJÓLL: VERO MODA**  
**TASKA: VILA**  
**JAKKI: VILA**  
**TREFILL: VILA**



**Buxur 4 litir**  
svart | navy | grátt | vínrault  
**7.995 kr.**



**URBAN**

KRINGLUNNI

s.512 1742 | facebook | Instagram



„I knew it was a great mistake for a man like me to fall in love.“  
The Great Gatsby

KVIKMYND

## Klamið tekur öll völd

Joseph Gordon Levitt er mörgum kunnur fyrir leik sinn í hinum ýmsu kvikmyndum, svo sem 50/50, Lincoln og The Dark Knight Rises. Í Don Jon þreytir herra Jósef hins vegar frumraun sína sem leikstjóri. Hann lætur þó ekki staðar numið þar heldur er hann einnig handritshöfundur og aðalleikari myndarinnar. Aðalpersónan Jon er stereótýpískt karlmennskuvélmenni sem hugsar að eigin sögn fyrst og fremst um bílinn sinn, vöðvamassa og kvenfólk. Hann fer heim með nýrri draumadís allar helgar og lætur sjaldan verða af því



HERSIR ARON ÓLAFSSON

MMMMM

### DON JON


hafa samband símleiðis daginn eftir. Eflaust hljómar þetta eins og draumaveröld stereótýpunnar Jon's, en þarna er

honum engan veginn fullnægt. Eitt finnst Jon nefnilega betra en allt annað, netklám. Klámsíður eiga hug hans allan og fer hann jafnan og nýtur lífsins yfir einni slíkri að loknum bólförum. Það sama á við eftir vinnudaginn,

fyrir svefninn o.s.frv. Þegar Jon hittir draumadísina Barböru breytist hins vegar sýn hans á lífið. En nær hann að koma böndum á klámfíknina?

Don Jon er vel skrifuð og beitt og tekst herra Jósef að gera allar daglegar athafnir aðalpersónunnar ómótstæðilega myndnar.

Jósef sýnir stórleik og heldur athygli áhorfenda allan tímann. Myndin ætti jafnvel að vera skylduáhorf í eldri bekkjum grunnskóla, en hún tekur á skemmtilegan hátt á klámfíkn sem er að margra mati alvarlegur kvilli. Á heildina litið er hér um að ræða ótrúlega góða og vel leikna skemmtun með undirliggjandi jákvæðum boðskap.



## FRUMSÝNING HELGARINNAR

## Prisoners

Prisoners var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto og hlaut frábærar viðtökur bæði áhorfenda og gagnrýnenda sem segja margir hverjir að hún sé besta mynd ársins hingað til. Í aðalhlutverkum eru þau Hugh Jackman, Jake Gyllenhaal, Viola Davis, Maria Bello, Terrence Howard, Melissa Leo og Paul Dano og þykja þau öll sýna ekkert minna en snildarleik.

Dover-fjölskyldan og Birch-fjölskyldan eru nágarnar og vinir sem búa í úthverfi í New York og tilheyra millistéttinni. Hvor hjón fyrir sig

eiga tvö börn, þar af tvær sex ára stúlkur.

Á þakkargjörðardaginn fer Dover-fjölskyldan í matarboð til Birch-hjónanna og barna þeirra. Eftir mat kemur í ljós að ungu dæturnar tvær eru horfnar og ekki líður á löngu uns fjölskyldurnar átta sig á því að þeim hefur verið rænt.

Lögreglan mætir á staðinn undir forystu rannsóknarlögreglumannsins Loka og fær strax vísbendingu um hver það hefur verið sem nam telpurnar á brott. Sá aðili er handtekinn en við rannsókn kemur

**Aðalhlutverk:** Hugh Jackman, Jake Gyllenhaal, Viola Davis, Maria Bello, Terrence Howard, Melissa Leo og Paul Dano

**Leikstjórn:** Denis Villeneuve  
**Sýningarstaðir:** Sambíóin Álfabakka, Sambíóin Egilshöll, Sambíóin Kringlunni, Sambíóin Akureyri, Sambíóin Keflavík, Ísafjarðarbíó, Selfossbíó og bíóhöllin á Akranesi.  
**Aldurstakmark:** 16 ára

ekkert í ljós sem bendlar hann við hvarf stúlknanna þótt hegðun hans sé frekar grunsamleg. En sagan er rétt að byrja.



## Nokkrar staðreyndir um The Newsroom

**A**ðalleikari þáttanna, Jeff Daniels, lék einnig annað aðalhlutverkið í hinni sígildu Dumb and Dumber fyrir tæpum 20 árum. Þar fer hann með hlutverk Harry Dunne.

**A**ðalleikkona þáttanna, hin Abreska Emily Mortimer, leikur einnig lítið hlutverk í hinni hrollvekjandi kvikmynd Shutter Island. Jeff og Emily hafa því ansi ólíkan bakgrunn á hvíta tjaldiru.

**J**álfurinn Sam Waterson, sem leikur Charlie Skinner, lék eitt aðalhlutverka í upprunalegri útgáfu The Great Gatsby frá árinu 1974. Myndin var endurgerð í ár og skartaði þá Leonadro DiCaprio í aðalhlutverki, sem lék einnig á móti Emily Mortimer í Shutter Island. Heimurinn er agnarsmár.



**Þ**ættirnir gerast í New York en eru raunverulega teknir upp í stúdíói í Hollywood. Turninn sem á að hýsa fjölmiðlasamsteypuna er í raun og veru Bank of America

turninn á 6. Breiðstræti í New York.

**T**ekið er á raunverulegum bandarískum samfélagsmálum í hverjum einasta þætti.



skechers  
**GoWalk**

Þú færð GO walk skó í Skór.is, Kringlunni og Smáralind | Steinar Waage, Kringlunni og Smáralind | Intersport Lindum, Kópavogi | Skóhöllinni Firði, Hafnarfirði Versl. Nina, Akranesi | Blómsturvellir, Hellisandi | Hafnarbúðin, Ísafirði Skóhúsið, Akureyri | Skóbúð Húsavíkur, Húsavík | Sentrum, Egilstöðum Lónið, Höfn í Hornafirði | Skóbúð Selfoss, Selfossi | Skóbúðin, Keflavík Axel Ó, Vestmannaeyjum






# NÝ SENDING



pixel ehf





Settu þér alvöru markmið í MEISTARAMÁNUÐI.  
Hættu að nota munntóbak!

 VÍNBUÐIN